**Nr. 19.**
3.
október.

# Lög

um

## kosningu fjögurra nýrra þingmanna.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ef frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, er eykur tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna upp í 34, verður að lögum, og alþingi verður haldið, eptir að lögin hafa öðlazt gildi, áður en ný kjördæmaskipun er komin á, skulu hinir 4 nýju alþingismenn kosnir þannig:

1 af Reykjavíkurkaupstað,
1 af Ísafjarðarkaupstað,
1 af Akureyrarkaupstað og
1 af Seyðisfjarðarkaupstað.

Ef almennar kosningar fara fram, skulu þessir 4 þingmenn kosnir samtímis og með sama hætti sem aðrir alþingismenn, og falla þá við þær kosningar kaupstaðirnir Akureyri, Ísafjörður og Seyðisfjörður úr kjördæmum þeim, sem þeir teljast til eptir 18. gr. kosningalaganna 14. sept. 1877.

Fari almennar kosningar þar á móti eigi fram, segir konungur nákvæmar fyrir um kosningu þessara 4 þingmanna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 3. október 1903.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 19.
3die
Oktober.

om

## Valg af 4 nytilkommende Altingsmænd.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Saafremt Forslag til Forfatningslov om Forandring i Forfatningslov for Islands særlige Anliggender af 5te Januar 1874, hvorved de folkekaarne Altingsmænds Antal forøges til 34, maatte blive til Lov, og der efter dens Ikrafttræden, inden en ny Ordning af Valgkredsene er traadt i Kraft, afholdes Alting, blive de 4 nytilkommende Altingsmænd at vælge saaledes:

1 af Reykjavik Købstad,
1 af Isafjord Købstad,
1 af Akureyri Købstad, og
1 af Seydisfjord Købstad.

Finder der almindelige Valg Sted, foregaa disse 4 Valg paa samme Tid og Maade som de øvrige, og udgaa da ved disse Valg Købstæderne Akureyri, Isafjord og Seydisfjord af de Valgkredse, hvortil de efter Valgloven af 14de September 1877 § 18 henhøre.

Finder der derimod ikke almindelige Valg Sted, bliver det nærmere om Afholdelsen af disse 4 Valg at fastsætte af Kongen.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 3die Oktober 1903.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

**Ministeriet for Island, den 3die Oktober 1903.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 19. Lov af 3die Oktober om Valg af 4 nytilkommende Altingsmænd.